

Fljótsdalshérað  
Skipulags- og byggingarfulltrúi  
Lyngási 12  
700 Egilsstaðir

Reykjavík 31. ágúst 2018  
UST201806-264/K.S.J.  
10.04.03

### **Efni: Deiliskipulag - Flugvöllurinn á Egilsstöðum - Fljótsdalshérað**

Vísað er til erindis skipulags- og byggingarfulltrúa Fljótsdalshéraðs er barst 21. júní sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um tillögu að breytingu á deiliskipulagi flugvallar á Egilsstöðum

Í erindinu kemur fram að í tillögunni felst að deiliskipulagssvæðið er stækkað vegna framtíðaruppbyggingar flugvallar, einnig er í tillögunni gert ráð fyrir stækkun flughlaðs og bætt við akstursbraut fyrir flugvélar. Ekki kemur fram hve stór deiliskipulagsreiturinn er né hve mikil stækkunin er.

Umhverfisstofnun tekur undir og telur afar mikilvægt að yfirborðsvatn af flughlöðum og bílastæðum er hreinsað í olíuskilju áður en það fer í Lagarfljót. Að mati stofnunarinnar er mikilvægt að fylgst verði með olíuskilju og að hún virki samkvæmt áætlun.


### **Greinargerð**

Umhverfisstofnun tekur undir það að ekki verður hindruð gangandi umferð meðfram Eyvindará, og að það muni verða sérstaklega haft í huga við uppsetningu girðingar.

Í ofangreindri tillögu er verið að auka starfsemi á þegar uppbyggðum flugvelli, Umhverfisstofnun gerir ekki athugasemd við tillöguna en bendir á mikilvægi þess að heildaryfirbragð verði á svæðinu.

Beðist er velvirðingar á hve langan tíma hefur tekið að svara erindinu.

Virðingarfyllst

  
Kristín S Jónsdóttir  
Sérfræðingur

  
Rakel S Kristjánsdóttir  
Sérfræðingur